

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístunda- og þjónustusvæðis á Illugastöðum í Fnjóskadal, Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 11. febrúar 2016 deiliskipulag frístunda- og þjónustusvæðis á Illugastöðum í Fnjóskadal. Í landi Illugastaða í Fnjóskadal í Þingeyjarsveit er orlofsbyggð með 31 frístundahúsi, auk þjónustubygginga og kirkju. Jörðin er í eigu Alþýðusambands Norðurlands. Deiliskipulagstillagan nær til stækkunar á núverandi svæði sem skilgreint er sem F-25 í aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022. Í tillögunni er gert ráð fyrir rúmlega 30 nýjum frístundahúsum til viðbótar við þau sem fyrir eru auk leiksvæða og göngustíga og tjaldsvæða með þjónustuhúsum og aðstöðu fyrir húsbíla. Tillagan nær einnig til skilmála vegna stækkunar á núverandi þjónustubyggingum.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

Þingeyjarsveit, 3. maí 2016.

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 4. maí 2016